



Samtök um kvinnalista

Samráð sunnud. 6. sept. kl. 10

í húsnæði Kvinnalístans Pósthússtræti 7, 3.hæð (Reykjavíkrapótekshúsinu)

Ágætu samráðskonur!

Eins og fjölmiðlaumfjöllun að undanfögnu hefur borið með sér, hafa Kvinnalístakonur staðið í ströngum viðræðum við fulltrúa A-flokkanna. Tekist hefur verið á um samstarfsgrundvöll, vinnubrögð, trúnað og vægi einstakra samtaka vegna mögulegs sameiginlegs framboðs næsta vor. Það er gífurlega mikilvægt að við ráðum ráðum okkar og að talskonur okkar endurspegli vilja Kvinnalístans. Þess vegna verður viðræðuferlið aðalmál samráðsfundarins og farið verður ýtarlega yfir ýmsa þætti þess.

Við stefnum að huggulegum hádegisverði og góðri samveru. Allar eruð þið búnar að fá óformlegt fundarboð og hér bætist við formleg dagskrá fyrir fundinn ásamt fundargögnum og þátttakendalista.

Dagskrá;

- 1) Fjármál
- 2) Staðan í viðræðuferli Kvinnalístans og A-flokkanna
- 3) Málefna kynning, niðurstöður hópstarfs um málefna skrá kynntar og ræddar (sjá meðfylgjandi gögn, sem óskast lesin fyrir fundinn)
- 4) Samstarfsgrundvöllur Kvl. og A-flokkanna
- 5) Vinna í kjördæmum
- 6) Landsfundur (staður, stund og þema)
- 7) Önnur mál

Fundarstýrir verða þær Hulda Ólafsdóttir og Birna Sigurjónsdóttir
Fundarlok ekki ákveðin, gætu orðið frá kl. 15-17.

Sjáumst á sunnudag

Um samstarfssamning Kvinnalistsans og A-flokkanna

Auk þess að ganga frá málefnskránni, sem enn hefur ekki verið gert, þarf að skapa farveg fyrir gerð samstarfssamnings. Það gæti gerst t.d. með því að samráð Kv. /kjördæmisráð A-flokkanna, skipuðu hvert um sig 3 fulltrúa til þess að gera drög að slíku samkomulagi. Það yrði síðan borið undir viðeigandi stofnanir í samtökunum.

Samkomulagið fæli m.a. í sér eftirfarandi atriði:

- 1) Form samstarfsins og um leið hverjir komi að því. *GRÓSKA / JÓHANNA*
- 2) Hugmyndir um heildarmynd framboðsins, þar sem lágmarksvægi hverra samtaka um sig yrði tryggt, þar sem tekið er tillit til kynjahlutfalla, og þar sem nýjar áherslur endurspegluðust m.a. í nýju fólki.
- 3) Ákvarðanatökufærli - jafnræði, neitunarvald, fleiri atriði
- 4) Nafn, logó, nýtt nafn og öll kjörorðin eða ekkert
- 5) Forysta og fjölmiðlaumræða *Samvirk forysta*
- 6) Fjármál *Líknefna 2*
- 7) Verkáætlun, samræmt tímaplan
- 8) Annað sem upp kann að koma

↓
Kosningabandalag
3ja flokkar.

*Gínasamráð fyrir fulltrúa í vitræðum
úti í kjördæmum*

Félagsfundur ákr. 3 fulltr. í vitræðum

*Ætlun okkar að hafa áhrif-
smíðum fólkar vit en að kafsígla*